



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 18. janúar 2021

SFS2021010121

199. fundur

HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Sumaropnanir leikskóla 2021

Í meirihlutasáttmála borgarstjórnar fyrir kjörtímabilið 2018 til 2022 kemur fram að fara eigi í tilraunaverkefni um sumaropnanir í leikskólum Reykjavíkur. Á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 samþykkti borgarstjórn að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skyldi vera opinn allt sumarið 2019.

Á árinu 2019 voru eftirtaldir leikskólar opnir: Rofaborg í Árbæ/Grafarholti, Lyngheimar í Grafarvogi, Ösp í Breiðholti, Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum, Garðaborg í Laugardal/Háaleiti og Gullborg í Vesturbænum.

Sumarið 2020 voru svo leikskólarnir Rofaborg í Árbæ/Grafarholti, Lyngheimar í Grafarvogi og Bjartahlíð opnir annað árið í röð auk Bakkaborgar í Breiðholti, Drafnarsteins í Vesturbæ og Vinagerðis í Laugardal/Háaleiti.

Nú liggur fyrir hvaða sex leikskólar verða opnir sumarið 2021: Bakkaborg í Breiðholti og Drafnarsteinn í Vesturbæ annað árið í röð og jafnframt leikskólarnir Engjaborg í Grafarvogi, Langholt í Laugardal/Háaleiti, Maríuborg í Árbæ/Grafarholti og Stakkaborg í Miðborg/Hlíðum.

Framundan er vinna með leikskólastjórum þar sem ætlunin er að skoða aðrar mögulegar leiðir varðandi sumarleyfi leikskóla sem einnig myndu fela í sér svigrúm fyrir foreldra sem ekki eiga gott með að taka orlof á þeim tíma sem heimaleikskóli barns þeirra lokar.